

5. gr.

Lækningamenn skulu halda nákvæmum spurnum fyrir um flækingshunda, er enginn finnst eigandi að, og gjöra ráðstafanir til þess, að þeir sjeu tafarlaust drepnir, ef enginn vill taka þá að sjer.

6. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, sem löggilt er af sýslumanni; skulu þeir rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum, og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga það árið frá hverjum einum, og enn fremur þá, er þeir hafa látið drepa. Fyrir hver árslok skulu þeir senda til oddvita sýslunefndarinnar skýrslu samkvæmt bókinni, til að leggja fram á næsta sýslufundi.

7. gr.

Sýslusjóður borgar öll meðul, bönd og múla á hundana, 50 aura fyrir lækningu á hverjum hundi, og 1 krónu fyrir hvern hund, sem drepinn er samkvæmt 5. gr.

8. gr.

Alla sulli úr slátruðu fje, og hausa af höfuðsóttarkindum, skal brenna.

9. gr.

Lækningamenn skulu iðulega áminna menn um, að hafa sterka gæzlu á því, að hundar nái ekki í matar- eða vatnslát, nje þeir fái að liggja í rúmum manna. Börnum skal alls eigi leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum, 5—10 krónur, eptir mála-vöxtum.

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu, 13. ágúst 1895.

A. V. Tulinius,

settur.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs austuramtsins 1894.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. jan. 1894:			
a. Í sparisjóði	kr. 1700 00		
b. Í peningum	— 34 72	1734 72	
2. Hluti Skaptafellssýslu		296 06	
3. Búnaðarskólagjald 1894:			
a. Úr Suður-Þingeyjarsýslu	kr. 56 54		
b. Austur-Skaptafellssýslu	— 31 67	88 21	
		<hr/>	
		Flyt	2118 99

	Flutt	2118 99	
4. Vextir:			
a. Af 1700 kr. frá $7/12$ 93 til $1/12$ 94	kr.	62 80	
b. — 296,06 kr. frá $28/8$ '94 — $1/12$ 94	—	3 06	65 86
5. Til jafnaðar móti gjaldalið 1. a. b.			482 06
	Samtals kr.	2666 91	

Gjöld:

1. Lagt í sparisjóð Akureyrar:			
a. $28/8$ 94 inn lagðar í sparisjóð- inn	kr.	296 06	
b. $31/12$ '94 inn lagðar í spari- sjóðinn	—	186 00	482 06
2. Í sjóði til næsta árs:			
a. Í Sparisjóði Akureyrar.	—	2182 06	
b. Í peningum.	—	2 79	2184 85
	Samtals kr.	2666 91	

Skrifstofu norðuramtsins, Akureyri, 26. jan. 1895.

Páll Briem.

Reikningur

144

yfir

tekjur og gjöld gjafasjóðs sýslumanns P. Þorsteinssonar 1894.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. jan. 1894:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skulda- brjefum	kr.	1089 66	
b. Innritunarskírteini A. fol. 90	—	800 00	
c. Í skuldabrjefum einstakra manna	—	1050 00	
d. Í peningum	—	38 83	2978 49
2. Vextir:			
a. Af uppsegjanlegum kgl. skulda- brjefum	kr.	43 59	
b. Af innritunarskírteini A. fol. 90	—	28 00	
c. Af skuldabrjefum einstakra manna	—	42 00	113 59
	Samtals kr.	3092 08	

Gjöld:

1. Styrkur veittur 2 fátækum bænd- um í Vallanessókn, Jóni Guð- mundssyni og Guttormi Pálssyni		113 58
	Flyt	113 58